

Nd.

29. Frumvarp

til laga um ríkisábyrgð vegna bæjarútgerðar Reykjavíkur.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Finnur Jónsson, Haraldur Guðmundsson,
Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast allt að 2½ millj. kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til byggingar og kaupa fimm til tíu togara.

2. gr.

Ríkisábyrgðin má ekki nema meiru en $\frac{2}{3}$ hlutum kaupverðs togaranna útbúinna til veiða, og skal, auk ábyrgðar Reykjavíkurkaupstaðar, vera tryggð með veðrétti í skipunum, eða ekki lakara fasteignaveði.

3. gr.

Ríkisábyrgðin skal bundin við það, að bærinn eigi skipin og reki útgerð þeirra.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram af Alþýðuflokknum á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Um ástæður til frumvarpsins visast til greinargerðar á þskj. 253 í A-deild þingtíðinda 1933.